

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1239****2018/EES/7/59****frá 6. júlí 2017****um viðurkenningu á Eþíopíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir
þjálfun og útgáfu skírteina farmanna***(tilkynnt með númeri C(2017) 4555) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ⁽¹⁾,
einkum 3. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að viðurkenna, með áritun, viðeigandi atvinnuskírteini og sérstök hæfnisskírteini farmanna, sem þriðju lönd gefa út, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin).
- 2) Lúxemborg annars vegar og Kýpur hins vegar fóru fram á það bréflaga, 9. janúar 2014 og 5. nóvember 2014, að Eþíopía yrði viðurkennd. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar beiðnanna, haft samband við yfirvöld í Eþíopíu í því skyni að meta kerfi þeirra um þjálfun og útgáfu skírteina til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu („Siglingaöryggisstofnunin“) eiga að annast í Eþíopíu.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á kerfi Eþíopíu um þjálfun og útgáfu skírteina á grundvelli niðurstaðna úr skoðun sem fór fram í október 2015. Við matið tilgreindi framkvæmdastjórnin nokkur atriði, sem yfirvöld í Eþíopíu þurfa að taka tillit til með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. anmarkar að því er varðar samþykki áætlunar og námskeiðis, þjálfun um borð, útgáfa skírteina og áritun.
- 4) Eþíopísk yfirvöld lögðu fram valfrjálsa áætlun um aðgerðir til úrbóta í maí 2016, sem bætt var við í júlí, október og desember 2016.
- 5) Eþíopía hefur samþykkt nýja löggjöf til að ráða bót á annmörkum varðandi innlend ákvæði, sem tilgreind voru í mati framkvæmdastjórnarinnar, og hefur uppfært verklagsreglur um gæðakerfi í stjórnsýslu sinni og sjómanskólum sínum fyrir farmenn sem og í námsskrám og þjálfunaráætlun sjómanskóla sinna fyrir farmenn.
- 6) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga dró framkvæmdastjórnin þá ályktun að yfirvöld í Eþíopíu hafi gripið til ráðstafana til að laga kerfi Eþíopíu fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna að kröfum STCW-samþykktarinnar, þ.m.t. ákvæði um viðeigandi skrifleg gögn.
- 7) Í apríl 2017 sendi framkvæmdastjórnin yfirvöldum í Eþíopíu matsskýrslu sem byggðist á niðurstöðum úr skoðuninni, sem fram fór í október 2016, og þar sem tekið var tillit til uppfærðar áætlunar um aðgerðir til úrbóta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

- 8) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Eþíópía uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og hefur ráðið bót á þeim annmörkum sem tilgreindir voru og á sama tíma hefur landið gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.
- 9) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eþíópía hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.
